



Mennta og barnamálaráðuneytið
Sölvhólsgrötu 4
101 Reykjavík

Umsögn Reykjavíkurborgar vegna áforma um frumvarp til laga um gagnaöflun um farsæld barna

Vísað er til máls nr. 13/2023 sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda 20. janúar 2023 og varðar áform um frumvarp til laga um gagnaöflun um farsæld barna.

Reykjavíkurborg lýsir yfir ánægju með þá áherslu Stjórnarráðsins að ákvarðanir, stefnumótun og forgangsroðun stjórnvalda séu byggðar á tölfræðigögnum. Einnig er lýst yfir ánægju með að í stjórnarsáttmála sé lögð áhersla á samræmda úrvinnslu, geymslu og framsetningu opinberra gagna. Skortur hefur verið á aðgengilegum, samræmdum og þar með samanburðarhæfum upplýsingum um farsæld barna og þjónustu við börn milli sveitarfélaga. Jafnframt gæti lagasetningin auðveldað samvinnu sveitarfélaga með því að fylgja eftir skólaskyldu og leit að börnum sem ekki skila sér í skóla í sveitarfélaginu. Eins gætu áhrifin orðið til þess að auðveldara verður að sinna börnum á heildstæðan hátt, ekki síst þeim sem búa við óörugga búsetu og flytja mikið á milli sveitarfélaga.

Velferðarvið og skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar leggja áherslu á að mikilvægt sé að huga að hagsmunum og vernd barna gegn ágengum og erfiðum spurningum. Æskilegt er að sveitarfélögin fái tímanlega yfirlit yfir spurningarlista, tíðni og fyrir hvaða árganga á að leggja spurningarlistana, til að börnin verði ekki fyrir miklu álagi við að svara spurningarlistum, mörgum hverjum um keimlík málefni. Koma þarf á gæðaeftirliti með efni spurningarlista og að notaðir séu bestu mögulegu kvarðar til að meta ákveðna þætti eins og þunglyndi, kvíða, sjálfstraust o.fl. Að sama skapi þarf að tryggja að spurningarnar beini athygli líka að jákvæðum þáttum í lífi barnanna. Ef sveitarfélög geta treyst því að um fyrsta flokks kannanir verði að ræða, þá er það til mikilla bóta að hvert sveitarfélag þurfi ekki að fara yfir spurningalistana og hafa áhyggjur af fyrirlögnunum og geti frekar beitt sér fyrir því að niðurstöðurnar séu nýttar í mennta-, velferðar- lýðheilsu- og forvarnarstarfi.

Vanda þarf vel valið á mælikvörðum þannig að þeir raunverulega varpi ljósi á markmið laganna um farsæld barna. Einnig að sá árangur sem á að nást sé vel skilgreindur og að valdir mælikvarðar mæli árangurinn. Hvort er til dæmis fjölgun barnaverndartilkynninga metin góð eða slæm? Hvað er árangur þegar kemur að barnaverndartilkynningum? Kemur möguleg aukning barnaverndartilkynninga til vegna breyttra verkferla, átaks innan skóla, meðal almennings eða vegna verri stöðu barna?

Sveitarfélög á Íslandi eru afar mismunandi að stærð og því er heppilegt að reynt sé að nota hlutfallslega mælikvarða, þar sem því verður viðkomið, til að samanburður verði raunhæfur. Fjöldatölur eru ósamanburðarhæfar milli sveitarfélaga. Sömuleiðis hefur fólksfjölgun orðið í mjög mörgum sveitarfélögum og því segja fjöldatölur yfir tíma innan sveitarfélags, ekki alla sögu um þróun ákveðinnar tölfræði/mælikvarða. Þá ber að hafa í huga að íbúasamsetning er afar ólík milli sveitarfélaga og áskornir því ólíkar og mikilvægt að velja mælikvarða sem fanga margbreytileikann.

Reykjavíkurborg fagnar því að sérstök áhersla sé lögð á opið aðgengi að tölfræðigögnum. Slíkt er forsenda samanburðar og að sveitarfélög geti metið sína stöðu og lært hvert af öðru. Velferðarsvið og skóla- og frístundasvið lýsa sig reiðubúin til að taka þátt í mótun og vali á mælikvörðum og telja að sú vinna sem fram hefur farið í verkefninu Betri borg fyrir börn, sem og mótun velferðar-, mennta- og lýðheilsustefnu borgarinnar, gæti gagnast við fyrirhugaða vinnu.

Meðfylgjandi er fylgiskjal um frekari ábendingar Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsdóttir

Sviðsstjóri velferðarsviðs

Helgi Grímsson

Sviðsstjóri skóla- og
frístundasviðs

Fylgiskjal:

Ábendingar Reykjavíkurborgar um áform um frumvarp til laga um gagnaöflun um farsæld barna.